

ÞRÍÞRAUTARSAMBAND ÍSLANDS  
1.11.2022 (#2 2022-2023)

Formannafundur er haldinn kl.18.00 í húsakynnum Tækniskólans.

Mættir eru frá stjórn ÞRÍ: **Valerie Maier** (í gegnum fjarfundarbúnað), **Ingi Poulsen**, sem jafnframt ritar fundargerð, **Margrét J. Magnúsdóttir**, **Margrét Ágústsdóttir**. **Hákon Jónsson** starfsmaður ÞRÍ er einnig mættur. Jafnframt frá félögunum **Þórunn Margrét Gunnarsdóttir**, **Geir Ómarsson**, **Jóhann Ari Jóhannsson**, **Sonja Símonardóttir(Ægi)**, **Richard Blurton**, **Heiða Ósk Guðmundsdóttir (3SH)**, **Ófeigur Hreinsson (3SH)** og **Árni Páll Hansson** (í gegnum fjarfundarbúnað)

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð

### 1. Keppnistímabil ársins

Farið yfir reynslu af síðasta keppnistímabili. Eftirfarandi sjónarmið komu fram:

- Verulegur skortur er á þátttöku sjálfboðaliða í mótum. Mikilvægt er að byggja upp sterka sjálfboðaliðamenningu innan íþróttarinnar svo keppnir geti gengið vel fyrir sig.
- Mikilvægt er að fjölga keppendum. Ekki er nægjanlega mikill stöðugleiki í fjölda þátttakenda í keppendum og því mikilvægt að koma málum þannig fyrir að þátttaka sé eins góð og kostur er hverju sinni.
- Mikilvægt er að keppendur á Laugavatni hafi reynslu af sundi í köldu vatni. Þetta hefur ekkert reynst vel og sumir keppenda hafa kvartað undan keppnisupplifun vegna aðstæðna í sundi. Mikilvægt er að taka enga áhættu með sundið, minnsti vafi um að vatnið sé of kalt þurfi að kalla á ákvarðanir um styttingu sundsins enda kemur slök reynsla af sundinu niður á heildarupplifun keppenda af mótinu.
- Fjallað um mikilvægi þess að hafa fjölbreyttar keppnir og fjölga möguleikum í tvíþraut.
- Fjallað um þann kostnað sem leiðir af því að fella niður keppnir og hvernig byggja má upp kostnaðarskema sem kemur í veg fyrir að fjárhagslegt tjón verði ef keppni er færð til eða felld niður.

### 2. Drög að keppnisdagskrá 2023

Farið er lauslega yfir drög að keppnisdagskrá 2023.

### 3. Reglubreytingar

Fjallað er um stöðu yfirferðar yfir reglugerðir félagsins. Bent er á þörf fyrir að skýra betur út byrjendaflokka og þau skilyrði sem uppfyllt þurfa að vera til að keppandi geti tekið þátt í mótum í byrjendaflokki. Rætt er um mun á byrjanda og nýliða. Upp er borin tillaga um val á nýliða ársins sem fælist í því að fram kæmi tillaga frá hverju félagi og svo yrði kosið. Hægt væri að hafa ólíka matsþætti sem þyrfti þá að skilgreina nánar.

#### **4. British Triathlon partnership – stefnumótunarvinna**

Upplýst er um samvinnu ÞRÍ við BT og fyrirhugaða stefnumótunarvinna.

#### **5. Kynning á nýjum starfsmanni**

Nýr verkefnabundinn starfsmaður kynntur.

#### **6. Mælingahelgi mars 2023**

Fram fer umræða um fyrirhugaða mælingahelgi í mars 2023. Rætt er um að auglýsa með breiðum hætti, út fyrir þríbrautina og að halda vegalengdinni 3000m og 400m

#### **7. Önnur mál**

Fram fer umræða um uppskeruhátíð ÞRÍ en vilji er fyrir því að halda hátíðina með veglegum hætti.

Einnig fer fram umræða um þjálfaranámskeið WTO – Geir Ómarsson og Þórunn Margrét Gunnarsdóttir segja frá.

Engin önnur mál eru á dagskrá.

Fundi slitið kl. 19.30